

Aðalfundur Retrieverdeildar HRFÍ

20.02.2025. kl 19:30.



Mæting 32 manns

Fundur settur.

1. Kosning fundarstjóra og ritara. Fundurinn samþykkur Guðna Björgvin Guðnason sem fundarstjóra og Sólrúnu Dröfn Helgadóttur sem ritara.
2. Farið var yfir ársskýrslu stjórnar og ársreikning fyrir starfssárið 2024. Sunna Birna fór yfir skýrsluna og Sólrún yfir ársreikninginn. Guðni fundarstjóri skýtur inn í viðtal um DNA daginn (2025) að hann hafi prófað að nota ChatGPT til að lesa betur úr niðurstöðum dna tókunum. Ornað var fyrir umræður.

Heiðar spyr afhverju veiðiprófin séu dýrari en árinu á undan, svarið er að kostnaður vegna erlendra dómara, þó einkum Lars hafi verið mjög hár.

Fundurinn samþykkti ársreikning og ársskýrslu.

3. Tveir stjórnarmeðlimir, þau Sunna Birna Helgadóttir og Kjartan I. Lorange, hafa lokið sínu tímabili og voru sæti þeirra í stjórn laus til næstu tveggja ára. Fjögur framboð bárust sem fundurinn kaus á milli.

Framboðin voru:

Guðni Þór Björgvinsson

Guðni Þorri Helgason

Gísli Már Árnason

Þorsteinn Hafþórsson

Frambjóðendur fengu tækifæri til að kynna sig, Guðni Þór og Gísli Már voru á staðnum og kynntu sig, Gunnar Örn kom framboði Þorsteins á framfæri og sagði nokkur orð um hann og Dagný kom framboði Guðna Þorra á framfæri og sagði nokkur orð um hann.

Atkvæðin fóru þannig að Guðni Þór Björgvinsson og Gísli Már Árnason voru hlutskarpastir og voru kjörnir inn í stjórn Retrieverdeildarinnar til næstu tveggja ára.

4. Nefndir halda sér að mestu óbreyttar, fyrir utan að Delia Howser ætlar að skoða með að koma af stað reglulegum göngum.
5. Önnur mál

Heiðar talar um að þar sem DNA próf eru ekki að fara inn á vefinn, að koma þeirri áskorun til stjórnar HRFÍ að ef fólk ætlar að rækta undan hundunum sínum verði það með sama hætti og mjaðma- og olnboga myndunin, að það þurfu að sækja um það í gegnum t.d. SKK þannig að allar

niðurstöður berist en ekki bara góðu niðurstöðurnar. Þórhallur bætir við að slæmt er að hafa ekki allar niðurstöður inni í gangagrunni til að sjá okkur fari fram eða ekki með stofnana okkar í ræktun. Þáverandi formaður svarar að mögulega er þetta verk sem er í vinnslu og verði á komandi árum komið í sama farveg og augnskoðanir eru núna, þarft að panta tíma og greiða fyrir í gegnum hundavefur.is. Óvíst hvort við getum breytt einhverju þarna um en vert að skoða málið og taka stöðuna hjá HRFÍ. Einnig nefnt að rukkun HRFÍ fyrir hvert skjal sem sett er inn sé að ýta fólki frá að skila inn niðurstöðum nema þeim nauðsynlegustu. Sigurður nefnir að til að HRFÍ geti birt allar heilsufarsniðurstöður að þá sé hægt að koma því fyrir að þegar heilsufarspróf er pantað að við pöntun þá undirgengst kaupandi að HRFÍ megi birta niðurstöðurnar sama hverjar þær eru. Fundurinn samþykkir að koma þessu áfram á stjórn HRFÍ.

Heiðar finnst það afar bagalegt að ekki fleiri fundargerðir hafi komið inn á heimasíðu deildarinnar á liðnu starfsári. Beinir að nýrri stjórn að breyta þessu og að allir fundir sem eru haldnir verði skráðir

Í fundargerð HRFÍ frá 5 des 2024, þá kemur fram að erindi frá Retrieverdeild fskj 50. Retrieverdeild óskar eftir breytingu á reglum um veiðiprófu retrieverhunda, tillagan er samþykkt og eru reglur uppfærðar. Þau ár sem Heiðar hefur verið í deildinni hafa reglugerðarbreytingar verð kynntar fyrir veiðinefn, dómurum, stjórn retrieverdeildar og síðan lagðar til samþykktar á ársfundi. Gjarnan verið kynntar með rökstuðningi og oft er um aðlögunaraðstæður hjá okkur, kom því á óvart að hafa aldrei heyrt af þessum breytingum og séu samþykktar af stjórn HRFÍ án nokkurrar umsagnar, hvergi sé að finna gögn um hvað þessar breytingar snúist og biður um svör hverjar breytingar eru.

Sunna svarar því að nú þarf fulltrúi á prófi ekki að vera dómaramenntaður, sá sem er álitinn geta verið upptrúi á prófinu, Dagný nefnir að þetta hafi verið beiðni sem kom frá dómara ráði og var tekin fyrir á fundi retrieverdeildar.

Þórhildur nefnir að erfitt sé að heyra almennilega það sem er rætt á fundinum, hljóðið berst ekki vel til þeirra sem sitji fyrir aftan þá sem eru að tala.

Gunnar Örn spyr vegna mikillar umræðu um fuglaflensuna hvort deildin ætlar að hafa bráð á veiðiprófum eða ekki, eða dummy. Biður um álit fundarins um þetta mál. Þórhallur svara því hvort það sé ekki enn of fljótt að taka einhverja ákvörðum um það, við vitum ekki hver statusinn á fuglaflensunni er. Gísli Már nefnir að það var samþykkt á fundi veiðinefndarinnar að svo stöddu að gera ekki neinar breytingar á því þar sem þar sem ekki þar sem ekki er vitið staðan á fuglaflensunni með vorinu en verðum að vera viðbúin því að tilfellum fjölgi með vorinu, og verðum að vera viðbúin að bregaðst við því. Sigurður tekur undir það sem Gísli segir og nefnir að það er heimild í veiðiprófsreglunum að nota annað en bráð ef svo ber undir og er kanski ekki rétt að fundurinn taki afstöðu til þess núna um miðjan vetur og sjá hvernig staðan verður með vorinu. Gísli nefnir að veiðinefnd er að fylgjast grant með stöðu mála.

6. Stjórn Retrieverdeildar heiðraði Sigurmon Marvin Hreinsson fyrir störf sín fyrir deildina. Hann tók fyrst þátt í veiðiprófi 9. mars 1996 með hundinn sinn Treckers Bouda. Sigurmon hefur tekið þátt í 276 veiðiprófum.

Stjórn Retrieverdeildar þakkar Sigurmoni kærlega fyrir sín störf í þágu deildarinnar!

7. Heiðrun stigahæstu hunda 2024.

Fundi slitið.